

Fundargerð 188. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 12. september kl. 09:30 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Gunnar Sigurðsson, Einar Óskar Friðfinnsson og Arnar Sigurðsson

Fjarfundur: Helgi Már Sigurgeirsson og Ingi Bogi Hrafnsson

Fjarverandi: Tinna Magnúsdóttir, Einar Sveinn Kristjánsson og Pétur Freyr Jónsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 187

Ekki hefur verið hægt að senda fundargerðir til undirritunar vegna bilunar í kerfinu en um leið og það kemur í lag þá verða allar sendar.

2. Skýrsla formanns og staða kjaramála

Formaður byrjaði á því að fara yfir mætinguna og bauð Arnar Sigurðsson velkominn á sinn fyrsta fund. Formaður óskaði eftir að menn væru snöggir að svara hvort þeir komi á fundinn eða ekki svo hægt sé að boða varamenn.

Hann sagði svo frá því að hann hef verið svolítið frá síðasta stjórnarfundum. Tók sér þrjá daga þegar hann var að læra undir próf hjá Seðlabankanum vegna stjórnarsetu hjá Lífeyrissjóðnum Gildi, og svo var starfmannaféð þar sem farið var til Dublin, hópurinn var rúmlega 60 manns með mökum, skrifstofan var því lokuð á föstudegi og mánudegi.

Erum að vinna í þeim kjarasamningum sem eftir eru eins og Breiðafjarðarferjunni Baldri/Sæferðir, næsti fundur er á morgun og erum við að vonast til að það jafnvel takist að klára þá.

Þá er verið að klára eitt sem stóð út úr við sveitafélögin. Hann sagði einnig frá því að verið væri að undirbúa ASÍ þingið, en hann kæmi betur að því síðar. Verið að ræða um fulltrúa í beina aðild, eftir að Efling kom inn og líklegt að Efling taki þar tvö sæti.

3. NMF fundur í ágúst

Fundurinn gekk vel. Byrjað að fara yfir skýrslur landanna. Svíar og Norðmenn einblína mikið á ný orkumál. Þetta hafa verið mjög fróðlegir fundir og gott að vera í þessu sambandi.

Norðmaðurinn í þessari nefnd fer á alla fundi hjá helstu alþjóðlegu samböndum og sér um að tala um norðurlöndin á öllum fundum sem eina heild. Hann vill að við förum að mæta meira til að vera sýnileg. Við fengum fulltrúa frá Samgöngustofu á fundinn til að kynna „Skútuna“ sem er nýtt skráningarkerfi sem verið er að taka upp þar. Þeir voru mjög hrifnir af þessu kerfi okkar og sögðust vera til í að taka upp eitthvað svona kerfi hjá sér.

4. Skipun nefnda

Eina nefndin sem er orðin alveg klár er Lífeyrisnefnd og í henni sitja, Agnar Ólason Gunnar S. Gunnarsson, Ingi Bogi Hrafnsson, Valbjörn Jón Höskuldsson og Samúel Ingvason.

Formaður spurði fundarmenn hvort þeir gætu samþykkt þetta og var það gert.

5. ASÍ þing

Þetta verður fróðlegt þing. Starfsfólk ASÍ er búið er að fara einn hring um landið með mál sem brunnu mest á mönnum og eru langt komnir með hring nr. tvö. Þeir héldu fund hér í húsi og það mættu fjórir af okkar mönnum á fyrri fundinn en sjö á seinni. Boðaðir voru um 50. Þingið sjálft verður haldið 16. – 18. okt hér í Reykjavík á Hilton Nordica. Búið er að úthluta okkur fulltrúum og eigum við 14 fulltrúa eins og síðast. Hann ætlar að boða fulltrúaráðsfund og gefa mönnum tækifæri á að bjóða sig fram. Þurfum að tilkynna listann inn í byrjun okt. Formaður óskaði eftir að fá að vinna þennan lista og hafa hann kláran fyrir fund og láta svo fundinn fylla upp í. Slagorð þingsins er „Sterk hreyfing sterkari saman.“ Fundardagskrá komin inn á vef ASÍ.

6. Til upplýsinga

a. Sameiginleg kjararáðstefna.

Sameiginleg trúnaðarmannaráðstefna RSÍ-Matvís og VM. Við höfum reglulega haldið kjararáðstefnur og síðast í fyrra. Rétt fyrir kjararáðstefnuna var haldin trúnaðarmannaráðstefna orkugeirans með RSÍ, sem var mjög gangleg. Nú er komin upp sú hugmynd að RSÍ, Marvís og VM haldi saman trúnaðarmannaráðstefnum 21. og 22. nóvember. Það er ekki búið að fara djúpt í dagskrá en búið að taka frá pláss á Hótel Örk. Formaður óskaði eftir leyfi stjórnar til að VM taki þátt í þessari ráðstefnu og var það samþykkt. Spurt var hvort það séu örugglega trúnaðarmenn á öllum helstu vinnustöðum, formaður sagði að það ætti að vera. Verið er að vinna í trúnaðarmannalistanum. Óskað var eftir að formaður myndi um að ítreka þetta líka við hin félögin eins og t.d. með Orkuveituna þar ættu öll félögin að vera með trúnaðarmann/menn.

b. Tótal

Innleiðing gengur vel og kostnaður er enn á áætlun. Stefnt er á að fært verði yfir um áramót.

7. Önnur mál.

- Talað var um stöðuna með séreignasparnað inn á lán. Nú er verið að taka þetta alveg af. Formaður sagði að ríkistjórnin sæi pening í því, ríkið verður af skattpeningum við þetta og þess vegna er verið að taka þetta af. Ljóst er að það eru vaxandi vanskil hjá heimilum og líka ljóst að vextir eru að losna af lánum og spurning hvað tekur við. Formaður sagði að öll stóru hagsmunasamtökin vilji fá þetta inn a.m.k. framlengt í 2 ár í viðbót. Það eru kosningar fram undan og því líklegt að þeir muni ekki rugga bátum setja þetta inn aftur.
- Bent var á að nú á að hækka skatta á uppsjávarskip og að það myndi bara bitna á launafólkinu.
- Spurt var um kjarasamningana á heimasíðuna. Formaður sagði að það gengi hægt, en að við séum alveg meðvituð um þetta.



VM Félag vélstjóra og málmæknimanna

- Spurt var um Akks gögnin sem áður hafði verið óskaði eftir. Formaður sagði þau vera klár og hefðu átt að vera undir þessum fundi, mun setja þau inn á eftir.
- Spurt var um stöðuna á sjúkrasjóðnum, er ekkert verið að hækka styrkina? Formaður fór yfir það sem búið er verið að gera, hvað hefur hækkað og hvað ekki.

Fundi slitið: 11.35

Fundargerð ritaði Áslaug R Stefánsdóttir